

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2023

Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 16. mars 2023

Með vísan til boðunar á aðalfund Vátryggingafélags Íslands hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að eftirfarandi breytingartillaga varðandi dagskrárlíð 4 um starfskjarastefnu verði tekin til meðferðar á aðalfundinum.

Dagskrárlíður 4: Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á gr. „3. Kaupaukakerfi“ í starfskjarastefnu VÍS (undirstrikuðum texta bætt við):

[...] Kaupaukar stjórnenda mega að hluta samanstanda af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum, svo sem kaupréttum að hlutum í félaginu. Heimild þessi skal gilda til framtíðar og jafnframt um ógreidda, frestaða kaupauka vegna fyrri ára. Stjórn er heimilt að úthluta kaupréttum að hlutum sem samsvara að hámarki 1% af hlutafé félagsins til stjórnenda og skal virði þeirra metið skv. viðurkenndum matsaðferðum (t.d. Black-Scholes) áður en til úthlutunar kemur. Ef kaupauki er greiddur í formi kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Stjórn, að fenginni umsögn forstjóra og starfskjaranefndar, ákveður hverju sinni þann fjölda hluta sem hver þátttakandi hefur á rétt að kaupa. Við slíka ákvörðun skal miða við niðurstöðu úr kaupaukakerfi stjórnenda sem byggir á fyrirfram skilgreindum árangursviðmiðum. Félagið skal mæla fyrir um, í samningum um kauprétt, að kaupréttarhafi skuli halda eftir í eigu sinni, tilteknu hlutfalli þeirra hluta sem nýttur hefur verið kaupréttur að skv. kaupréttarsamningum, til starfsloka. Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við úthlutun kaupréttar. [...]

Greinargerð breytingartillögu:

Gerð er sú tillaga af hálfu félagsins að bætt er við heimild til að greiða kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga. Eru kaupréttir sérstaklega nefndir í því samhengi sem hlutabréfatengd réttindi. Gert er ráð fyrir því að staðfest hafi verið að greiðsla kaupauka með hlutabréfum eða hlutabréfatengdum réttindum, þ.m.t. kaupréttum, samræmist 51. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016. Þá er gert ráð fyrir því að það sé mat stjórnar félagsins að hyggilegt sé að bjóða upp á vogaðar afurðir þar sem þær eru sérstaklega nefndar í rökstuðningi tillögunnar.

Á þessum forsendum er lagt til af hálfu Gildis að ef kaupauki verði greiddur í formi kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Heppilegast væri raunar að þessir skilmálar kæmu fram með ítarlegri hætti í starfskjarastefnu sjálfri. Mikilvægt er að mati sjóðsins að hluthafar hafi viðeigandi upplýsingar um skilmála og verðlagningu réttinda til þess að geta myndað sér skoðun á framkvæmd starfskjarastefnu félagsins.

Væntingar eru um það af hálfu sjóðsins að ef til úthlutunar kaupréttar kæmi þá væru skilmálar þeirra með þeim hætti að hagsmunir hluthafa og starfsmanna fari sem best saman. Þannig mætti til dæmis líta til þess að kaupréttir verði til a.m.k. 3 ára við útgáfu, að nýtingarverð þeirra fari hækkandi yfir tíma, með hliðsjón af eðlilegri ávöxtunarkröfu að mati stjórnar, og eins og fram kemur í tillögu stjórnar að gert verði ráð fyrir því að rétthafar haldi eftir hlutabréfum í félaginu a.m.k. upp að ákveðnu marki eftir að til nýtingar réttinda kemur.

Kaupréttir og verðlagning þeirra byggja á matskenndum forsendum og yrði væntanlega um að ræða viðskipti milli starfsmanna félagsins og félagsins sjálfs með fjármálaafurð sem ekki eru almenn viðskipti með. Þarf af þessum sökum sérstaklega að gæta að verðlagningu ef af yrði og þá jafnframt eðlilegt að hluthafar séu upplýstir um forsendur hennar. Hér er þá átt við að ekki sé eingöngu vísað til tiltekinnar aðferðar við verðlagningu (s.s. Black-Scholes) heldur hvaða nánari forsendur, s.s. um vexti og flökt, voru notaðar við beitingu aðferðarinnar og hvaða niðurstöður þær gáfu miðað við hvern útgefinn kauprétt.

Tillagan er til þess fallin að auka gagnsæi við framkvæmd starfskjarastefnu félagsins og sett fram með það að markmiði.

Virðingarfyllt,
Gildi-lífeyrissjóður